



EFSA Ísland
www.efsa.is

Fréttatilkynning

Evrópumeistaramót í sjóstangaveiði 10.-14. maí 2010.

Fjölmennasta sjóstangaveiðimót sem haldið hefur verið á Íslandi verður haldið dagana 10.-14. maí frá Dalvík. Vaxandi áhugi er meðal erlendra veiðimanna að heimsækja Ísland sem fyrirheitna land sjóstangaveiðiþróttarinnar.

Íslandsdeild EFSA (European Federation of Sea Anglers) heldur Evrópumeistaramót í sjóstangaveiði frá Dalvík dagana 8.-15. maí nk. með þátttöku 141 keppenda frá 13 félagsdeildum víðs vegar úr Evrópu. Þátttakendurnir koma frá Belgíu, Danmörku, Englandi, Gíbraltar, Írlandi, Íslandi, Ítalíu, Noregi, Portúgal, Rússlandi, Skotlandi, Sviss og Þýskalandi. Um er að ræða stærsta árlegan viðburð EFSA. Veitt verður í sex klukkutíma hvern mótisdag í fimm daga af 11 bátum á veiðislóð á Eyjarfirði. Sunnudaginn 9. maí verður skrudganga þátttökupjóðanna frá félagsheimilinu Víkurröst Dalvík að Bergi hinu nýja og glæsilega menningarhúsi Dalvíkinga þar sem mótið verður sett.

Keptt verður í einstaklingskeppni og kvennaflokki, flokki eldri félaga (seniors) og ævifélaga. Einnig verður 2ja manna og 4ra manna sveitarkeppni, þjóðirnar stilla upp landsliðum og verðlaun verða veitt fyrir þyngsta fisk í einstökum tegundum. Hver veiðimaður má að hámarki veiða 25 þorska, ýsur og ufsa dag hvern en 5 fiska af öðrum tegundum.

Margir erlendu keppendanna koma nokkrum dögum fyrir mótið og hafa leigt báta til þess að fara í æfingarferðir áður en að keppnin sjálf hefst.

EFSA Ísland hefur í rúm þrjú ár undirbúið Evrópumeistaramótið og hélt í maí 2007, sem lið í þeim undirbúningi, 2ja daga Evrópumót í tegundaveiði í Vestmannaeyjum þar sem 99 keppendur tóku þátt.

Tvisvar áður hefur Evrópumeistaramót í sjóstangaveiði verið haldið á Íslandi, árið 1974 frá Akureyri og þar á undan árið 1968 frá Keflavík.

27. apríl 2010
Stjórn EFSA Ísland.

Ath. Upplýsingafulltrúi EFSA Íslands er Úlfar Eysteinnsson, veitingarmaður á Þremur Frökkum, sími 896 2247.

Þórir Sveinsson, ritari EFSA Íslands, sími 896 3157.